

27

9. marz

## REGLUGERÐ

um breyting á hafnarreglugerð fyrir Vestmannaeyjakaupstað 30. ágúst 1926.

1. gr.

4. flokkur vörugjaldskrárinnar í 25. gr. orðist þannig:

Gjald kr. 1,70 fyrir hver 100 kg. Allar aðrar vörur, sem venja er að greiða flutningsgjald fyrir eftir þyngd.

Reglugerð þessi er hér með sett, samkvæmt lögum nr. 76, 14. nóvember 1917 og samkvæmt hafnarlögum fyrir Vestmannaeyjar nr. 60, 10. nóv. 1913, til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 9. marz 1934.*

**Magnús Guðmundsson.**

*Vígfús Einarsson.*

28

9. marz

## REGLUGERÐ

um vörugjald til bæjarsjóðs Vestmannaeyjakaupstaðar.

1. gr.

Til bæjarsjóðs Vestmannaeyjakaupstaðar skal greiða vörugjald af öllum vörum, sem fluttar eru af skipsfjöl á land, og úr landi á skipsfjöl, með undantekningum þeim, sem síðar verða nefndar.

2. gr.

Undanþegnar vörugjalði eru þessar vörur:

- a. Vörur, sem samkv. farmskrá skips eiga að fara til annara hafna en Vestmannaeyja, en eru látnar þar á land um stundar sakir, vegna skemmda á skipi eða í misgripum.
- b. Nýr og saltaður fiskur óverkaður og nýjar fiskafurðir, þegar þetta er flutt á land.
- c. Kol, olía og vistir og aðrar nauðsynjar skipa og báta til eigin notkunar, þegar þær eru fluttar úr landi.
- d. Póstur og farangur ferðamanna.
- e. Vörur og tæki til hafnarinnar og annara fyrirtækja bæjarfélagsins.
- f. Allt, sem flutt er milli eyjanna innbyrðis.